STJÓRNARTÍÐINDI B 21 — 1985

24. maí 1985 389 Nr. 213

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 278 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, sbr. reglugerð nr. 451/1979, reglugerð nr. 331/1980, reglugerð nr. 617/1980, reglugerð nr. 232/1981 og reglugerð nr. 628/1981.

1. gr.

Á eftir 11. tl. 2. gr. komi tveir nýir töluliðir nr. 12 og 13 svohljóðandi:

12) Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í þilfarsfiskiskip, sem að mati sjóðsstjórnar horfa til orkusparnaðar og bættrar orkunýtingar.

Lánsfjárhæð má hæst vera 80% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 7 ár.

13) Lán vegna verulegs viðhalds á skipi, hvort sem er á vél, bol eða búnaði þess þannig að um endurbyggingu sé að ræða er lengir notkunartíma, enda sé um útboð að ræða og fast verð.

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 5 ár.

2. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er sjóðsstjórn að miða við kostnaðarverð framkvæmda eingöngu ef um lán samkvæmt 12. eða 13. tl. 2. gr. er að ræða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 25. maí 1976, um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. maí 1985.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 40

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg